

Sp.

531. Tillaga til þingsályktunar

[286. mál]

um úrbætur í ferðaþjónustu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir,
Helgi Seljan, Karvel Pálmason, Kolbrún Jónsdóttir,
Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hvaða aðstöðu vantar í tengslum við ferðaþjónustu víðs vegar um landið, svo sem gístaðstöðu, veitingaþjónustu, samgöngur, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlit, aðgang að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Gera skal úttekt í hverjum landshluta fyrir sig og áætlun um úrbætur í samræmi við niðurstöður hennar.

Kostnaður við framkvæmd þessarar ályktunar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á einum aldarfjórðungi hefur tala erlendra ferðamanna hér á landi meira en sjöfaldast. Um 13 þúsund erlendir ferðamenn sóttu okkur heim árið 1960, en 97 443 árið 1985. Auk þess hafa Íslendingar sjálfir stóraukið ferðalög um eigið land á þessu árabili.

Til er faglega unnin skýrsla sem gerð var að frumkvæði samgönguráðuneytis árin 1982–83 um stöðu ferðamála og líklega þróun á þeim vettvangi allt til ársins 1992. Ljóst er að árlega fjölgar erlendum ferðamönnum mun meira en gert er ráð fyrir í skýrslunni og brýnt að endurmeta stefnuna í ferðamálum með hliðsjón af þeirri staðreynd. Í fyrrgreindri skýrslu er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi að meðaltali um 3,5% hér á landi frá 1984–1992. Fjölgun þeirra varð hins vegar um 10% árið 1984 og árið 1985 fjölgaði þeim um 14,4%.

Til þess að mæta þessari miklu fjölgun erlendra ferðamanna þarf að leita allra hugsanlegra leiða til að lengja ferðamannatímamann og auka nýtingu hótela og annarrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Má þar nefna skipulegt átak til að laða hingað fjölpjódlegar ráðstefnur sem mest utan aðalferðamannatímans en slíkar ráðstefnur eru einn arðbærasti þáttur ferðamála þar eð ráðstefnugestir eyða hlutfallslega meiri gjaldeyri að meðaltali en almennir ferðamenn. Til þess er nú lag því að sýnilega eykst hótelrymi mikið á næstunni, einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Þá þarf að gera ráðstafanir til að hægt verði að gera ferðamönnum kleift að fara víðar um landið en til þess skortir tilfinnanlega aðstöðu víða utan höfuðborgarinnar og brýnt að bæta úr því sem fyrst. Fyrsta skrefið væri könnun og áætlun um úrbætur sem gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu. Framhaldið væri svo komið undir áhuga og framtakssemi þeirra sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta á hverjum stað. Það er ætlan flutningsmanna að áhugann skorti ekki því að víða úti um land er fólk að vakna til vitundar

um þá möguleika sem felast í ferðaþjónustu. Það sem fyrst og fremst skortir eru upplýsingar og ráðgjöf um það hvernig best er að standa að þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er, hvað vantar helst og hvernig á að standa að framkvæmdum.

Gistirými hefur aukist töluvert úti um land á síðustu árum en víða eru eyður sem fylla þarf í. Vaxandi skilningur er á þörf fyrir vel búin tjaldsvæði og rétt er að hafa í huga í því sambandi að víða er hægt að nýta hreinlætisaðstöðu í félagsheimilum og skólum. Á þessu sviði er þörf verulegs átaks og sama má segja um hin atriðin sem talin eru upp í þessari tillögu.

Enginn vafi er á því að helsta aðráttarafl á ferðamenn á Íslandi er hin óspillta náttúra landsins, hreint loftið og tært vatnið, fámennið og öræfakýrriðin. Þessi verðmæti ber umfram allt að varðveita. Því miður er ástand víða bágborið á ferðamannastöðum í óbyggðum, jafnvel svo að náttúran er í hættu sökum ógætilegrar umferðar og ónógra varúðarráðstafana. Má þar nefna fjölsóttu staði eins og Landmannalaugar, Þórsmörk, Hveravelli og Herðubreiðarlindir. Líklegt er að þar og víðar þurfi að stórauka gæslu og jafnvel beita ítölu til þess að koma í veg fyrir of mikinn átroðning. Þá mætti létta af þessum stöðum með því að koma upp góðri gistiaðstöðu í grennd við þá. Enn má nefna að með nýjum vegarslóðum, fræðslu og leiðamerkingum mætti beina umferð að einhverju leyti á fleiri áhugaverða staði og minnka þar með álagið á þá fjölsóttustu. Rétt er að minna á að Ísland er í raun opin og lifandi kennslubók í náttúrufræði og jarðfræði, og um þau atriði ætti að veita fræðslu ekki síður en um vegi og kennileiti.

Líklegt er að könnun mundi leiða í ljós þörf fyrir aukna gæslu í óbyggðum og er þá átt við hvort tveggja, gæslu náttúrunnar og aðstoð við ferðafólk. Í þessu sambandi má einnig minna á samþykkt Alþingis frá s.l. ári um bættu merkingu akvega. Áreiðanlega er einnig víða þörf á betri aðgangi að ýmsum náttúruundrum lands okkar, fossum, hverum, gljúfrum og hellum, t.d. með göngustígum, klifrum og handriðum eða handfestu á stöku stað. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi og þarf síður en svo að spilla umhverfinu ef vandað er til frá upphafi.

Loks má nefna hreinlætisaðstöðu sem óvíða er þannig að hægt sé að nefna hana því nafni og ber þetta ástand þjóðinni ófagurt vitni. Þessi nauðsynlega þjónusta verður e.t.v. víða út undan vegna þess að hér er ekki um arðbæran rekstur að ræða. Er tími til kominn að taka á þeim vanda og leysa hann til frambúðar því að víst er að erlendir ferðamenn dæma þjóðina ekki síst af atriðum sem þessum.

Vöxtur og viðgangur ferðaþjónustu hefur farið langt fram úr björtustu spám og fært okkur Íslendingum aukna atvinnu og dýrmætar gjaldeyriskjur. Tekjur af erlendum ferðamönnum á síðasta ári námu rúmlega þremur milljörðum króna samanborið við rúmlega tvo milljarða árið 1984.

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein sem mun færa okkur ómælda björg í bú, ekki síst ef við berum gæfu til að taka á móti gestum okkar eins og sæmir góðu íslensku heimili. Að því miður þessi tillaga.